



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Velferðarráðuneytið  
b.t. skrifstofu lífshjara og vinnumál  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. september 2018

1809006SA GB  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn um drög að frv. til laga um br. á l. um atvinnuleysistryggingar  
o.fl. (framlag í lífeyrissjóði)**

Ofangreint frumvarp, sem félags- og jafnréttismálaráðherra hyggst leggja fram á Alþingi, er til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Frumvarpið varðar fyrst og fremst öflun lífeyrisréttinda þeirra launamanna sem nýta rétt sinn til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnumissis, Fæðingarorlofssjóði vegna fæðingarorlofs eða ríkissjóði vegna umönnunar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða vegna líffæragjafar.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það til hækkunar hlutfalls af greiðslum úr framangreindum framfærslukerfum sem kveðið er á um í viðkomandi lögum að bótakerfin skuli greiða sem mótframlag í lífeyrissjóði vegna einstaklinga sem fá greiðslur á grundvelli umræddra laga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum fjárheimildum á fjárlögum til að mæta auknum kostnaði en samþykkt frumvarpsins ætti ekki að hafa áhrif á útgjöld sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð Ábyrgðasjóðs launa vegna krafna lífeyrissjóða um lífeyrisiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili samkvæmt lögnum takmarkist við 15,5% af iðgjaldsstofni skv. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 í stað 12% lágmarksiðgjald samkvæmt sömu lögum líkt og kveðið er á um í gildandi lögum um Ábyrgðasjóð launa.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur lögfestingu frumvarpsins vera til þess fallna að stuðla að bættum lífeyrisrétti þeirra einstaklinga sem fá greiðslur á grundvelli viðkomandi laga, til jafns við almenna launþega. Sambandið bendir hins vegar á að ekki er rökrétt að frumvarp um þetta efni verði lagt fram á Alþingi nema jafnframt verði lagt fram frumvarp um breytingar á almennu framlagi vinnuveitenda í lífeyrissjóði. Verður ekki annað séð en að forsenda hækkunar í því frumvarpi sem hér er til umsagnar sé að lögbundið iðgjald til sjóðanna sé komið í 15,5% sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997.

Jafnframt vill sambandið áréttta þá afstöðu að samþykkt frumvarpsins dragi ekki úr áformaðri lækkun tryggingagjalds.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri